

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunnar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, 50.00 kr.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandi hefur greitt 50.00 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

7.5% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig, að þau teljist jafngilda útsöluverði á olíu 1. janúar 1968. þ. e. kr. 2.23 pr. kg, en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10% sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni, nr. 35 8. febrúar 1968.

Atvinnumálaráðuneytið, 12. marz 1969.

Ingólfur Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

14. marz 1969.

Nr. 79.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af hluta af Kópavogskaupstað.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 14. marz 1969, staðfest skipulagsupprætt af hluta af Kópavogi, nánar tiltekið af legu Hafnarfjarðarvegur um Kópavog og tengingu hans við Kársnesbraut.

Félagsmálaráðuneytið, 14. marz 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.